

# Fundargerð 15. fundar

## Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 8. október 2014

Árið 2014, þriðjudaginn 8. október kl. 12.00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson. Elliði Vignisson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Drög að starfsáætlun nýrrar stjórnar sbr. c lið 7. gr. samþykkt**

Formaður fór yfir drög að starfsáætlun sem kynnt verður á aðalfundi síðar í dag. Samþykkt samhljóða.

**2. Kjörnefnd sbr. 1. mgr. 4. gr.**

Formaður lagði fram tillögu að kjörnefnd fyrir aðalfund samtakanna. Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ og Fjóra Valborg Stefánsdóttir, oddviti Grýtubakkahrepps.

Samþykkt samhljóða.

**3. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara**

Formaður leggur fram tillögu að skoðunarmönnum reikninga

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi og Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til vara:

Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ og Jóhannes Jóhannesson sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**4. Árgjöld og þóknun stjórnar**

Stjórn leggur til að árgjöld og þóknun stjórnar verði óbreytt.

**5. Önnur mál**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.40.  
Fundargerð skráði RR.